



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1047  
komudagur 7. 3. 2002  
DIRECTORATE OF HEALTH

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2002  
VI/HV/hþ

*Efni: Tillaga til þingsályktunar um skipulagða áfallahjálp innan sveitarfélaga þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum.*

Landlæknisembættið fagnar þeim áhuga sem flutningsmenn fyrrgreindrar þingsályktunartillögu hafa á skipulagðri áfallahjálp.


Hjálp við nauðstadda hefur lengi verið við lýði meðal þjóðarinnar. Nægir þar að nefna þátt kirkjunnar um aldir, heilbrigðisstarfsfólks, skóla, lögreglu, björgunarsveita og hjálparstofnana.


Við áfallið sem varð í Súðavík, 16. janúar 1995, var í fyrsta sinn svo vitað sé framkvæmd skipulögð áfallahjálp en það var að frumkvæði starfsmanns Landlæknisembættisins í samræmingarstöð Almannavarna ríkisins. Mikið hefur verið fjallað um áfallahjálp síðan snjóflóðin urðu árið 1995 og það ár gerði nefnd skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tillögur um heildarskipulag áfallahjálpar.

Það er skoðun Landlæknisembættisins að áfallahjálp falli undir starfssvið heilbrigðisþjónustunnar þótt margir fleiri geti komið þar að. Embættið telur brýnt að í hverju heilsugæsluumdæmi verði áfallahjálparteymi sem samanstendur af félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum, læknum, námsráðgjöfum, prestum, sálfræðingum, starfsfólki skóla og öðrum sem hlotið hafa til þess sérstaka þjálfun, allt eftir því hvaða fólki umdæmin hafa á að skipa. Miðstöð áfallahjálpar á Landspítala-háskólasjúkrahúsi væri þessum áfallahjálparteymum til stuðnings og ráðgjafar. Enn vantar á að tryggj sé að til sé starfsfólk um allt land sem geti tekið að sér áfallahjálp. Áfallahjálparteymi þarf að mynda og þjálfar og samhæfa störf innan teymanna. Til þess hefur ekki fengist fjármagn.

Landlæknisembættið fagnar því umræðu um skipulagða áfallahjálp en telur nauðsynlegt að hugað verði að því skipulagsstarfi sem þegar hefur verið unnið og leitað verði ráða hjá þeim sem að helst hafa unnið að þessum málum á undanförunum árum, svo ekki verði um tvíverknað eða skörun í verkefnum að ræða.

Virðingarfyllst,

  
Vilborg Ingófsdóttir  
yfirhjúkrunarfræðingur

  
Haukur Valdimarsson  
aðstoðarlandlæknir